

Fundargerð 3

Stjórnarfundur KþÍ 14. maí 2013

Fundarstaður – Ölver

Mættir – Arnar, Kristján, Ómar, Sigurður, Theodór.

Boðuð forföll – Þórir og Unnar.

1. Fundargerð síðasta fundar – verður tekin fyrir á næsta fundi

2. Rætt um þjálfaraferð til Svíðþjóðar í sumar á EM kvendandsliða. Lítil spenna í gangi fyrir slíkri ferð. Stjórnarmenn sammála um að KþÍ þurfi að taka á skarið í framtíðinni ef slík verkefni eigi að verða að veruleika.

3. Rætt um að senda fulltrúa stjórnar til fundar með stjórnarmönnum þjálfarafélaga annarra Norðaurlandþjóða. KþÍ er ekki tilbúið að senda fulltrúa þar sem fundarefnið er að skipuleggja sameiginlega þjálfaraferð. KþÍ hefur áhuga á slíkri ferð, en telur ekki forsvaranlegt að senda stjórnarmenn erlendis til að skipuleggja viðburð sem auðveldlega er hægt að skipuleggja í gegnum netsamskipti.

4. Bikarúrslitaráðstefnur í ágúst. Tillaga um að halda eina sameiginlega í vikunni milli úrslitaleikjanna, hugsanlegar 21. eða 22. Ágúst. Rætt verður við Sigurð Ragnar um hvort hann geti aðstoðað við að fá fyrirlesara frá UEFA, hvort hann geti hjálpað til við að fá Piu Sundhage sem fyrirlesara og hvort hann sé sjálfur til í að ræða gengi kvendandsliðsins á EM.

5. Önnur mál

a) Rætt hvort KþÍ geti haft frumkvæðið að umræðum um að endurskoða mótamál og félagaskiptareglur

b) Stjórnarmenn sammála um að auka vinnuframlag og vera virkari í netsamskiptum

c) Heyra í Landsbanka Íslands vegna endurgreiðslu innheimtugjalda

d) Framkvæma viðhorfskönnunum í haust.